



Afreksstefna Íshökkísambands Íslands (ÍHÍ) 2020 og gildir í fjögur ár.

Inngangur

Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ) rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki. Markmið landsliða Íslands í íshokki er að taka þátt í öllum alþjóðlegum mótum sem ÍHÍ bjóðast hverju sinni. Afreksstarfinu er stýrt af stjórn ÍHÍ sem kosin er á ársþingi. Stjórn ÍHÍ tekur ákvörðun um ráðningu landsliðsþjálfara og skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við framkvæmdastjóra ÍHÍ.

Formaður landsliðsnefndar kemur úr stjórn sambandsins og aðrir nefndarmenn verða valdir m.t.t. reynslu úr íþróttinni, bæði innan ÍHÍ sem og utan. Stjórn ÍHÍ og landsliðsnefndir geta leitað sér ráðgjafar hjá Alþjóða Íshökkísambandinu (IIHF) og öðrum þjóðum í íþróttinni.

Landsliðsnefndir sjá um undirbúning og framkvæmd landsliðsæfinga í samstarfi við aðildarfélög ÍHÍ, þjálfara landsliða og framkvæmdastjóra ÍHÍ.

Þessi stefna er unnin af stjórn og framkvæmdastjóra ÍHÍ, tekin til umræðu á formannafundi og svo samþykkt á ársþingi ÍHÍ.

Yfirlandsliðsþjálfari og/eða íþróttastjóri ÍHÍ, í samráði við landsliðsnefnd, leggur línurnar og samhæfir æfingar fyrir aðra þjálfara sem vinna hjá sambandinu og aðildarfélögum. Meginmarkmið er að auka þekkingu allra aðila íshokkí á Íslandi, bæta umhverfi og aðstöðu afreksíþróttafólks og ná meiri árangri innanlands og á alþjóðavettvangi.

Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun

Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum ÍHÍ á mótum á vegum IIHF og aðildarfélaga þess. Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem ÍHÍ boðar til auk allra leikja.

Ungir og efnilegir

Stjórn ÍHÍ og landsliðsnefnd stefna að því að halda sumarþúðir fyrir unga og efnilega leikmenn á aldrinum 12–15 ára. Samkvæmt reglum IIHF skal leikmaður sem spilar með U18 ára landsliði hafa náð fimmtán ára aldri á því keppnistímabili sem HM fer fram. Hópurinn Ungir og efnilegir eru því þeir leikmenn sem falla utan þess aldurstakmarks. Ásamt sumarþúðum mun sambandið í nánú samstarfi við aðildarfélög sín skipuleggja keppnisferð erlendis a.m.k. einu sinni á ári.

Tilgangurinn er að gefa þessum krökkum innsýn inn í það hvernig það er að vera í landsliði og bæta viðhorf leikmanna gagnvart því að vera í landsliði. Leikmenn læri ákveðin gildi og fari eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður.



U18 ára landslið pílta

Aðalverkefni liðsins er heimsmeistaramót IIHF sem fram fer í mars á ári hverju. Leitast skal við að þjálfari og aðstoðarmaður hans séu íslenskir og hafi lokið námi/námskeiði sem gagnast þeim í starfi.

Haldnar skulu a.m.k. 3 þjálfunarbúðir þar sem landsliðshópur æfir saman áður en að keppnisferð kemur.

Fyrsti hópur er valinn þannig að þjálfarar aðildarfélaganna tilnefna þá sem þeir telja að eigi erindi í liðið. Leikmenn og forráðamenn þeirra sem boðaðir eru í fyrsta skipti fá formlegt bréf þar um frá ÍHÍ.

Landsliðsþjálfarar skera svo niður hópinn fyrir næstu búðir og velja svo endanlegt lið í síðustu búðum fyrir hverja ferð. Starfsmenn liðsins eru allt að 6 manns, aðalþjálfari, aðstoðarþjálfari, liðsstjóri, tækjastjóri og heilbrigðisfagteymi.

U20 ára landslið pílta

Aðalverkefni liðsins er heimsmeistaramót IIHF sem fram fer í desember/janúar á ári hverju. Þjálfari liðsins skal vera sá sami og þjálfar karlallandsliðið ef því verður við komið. Að öðrum kosti skal leitast við að þjálfari liðsins hafi góð tengsl inn í þjálfarateymi karlaliðsins.

Haldnar skulu a.m.k. 3 þjálfunarbúðir þar sem landsliðshópur æfir saman áður en að keppnisferð kemur.

Fyrsti hópur er valinn þannig að þjálfarar aðildarfélaganna tilnefna þá sem þeir telja að eigi erindi í liðið. Leikmenn og forráðamenn þeirra sem boðaðir eru í fyrsta skipti fá formlegt bréf þar um frá ÍHÍ.

Landsliðsþjálfarar skera svo niður hópinn fyrir næstu búðir og velja svo endanlegt lið í síðustu búðum fyrir hverja ferð. Starfsmenn liðsins eru allt að 6 manns, aðalþjálfari, aðstoðarþjálfari, liðsstjóri, tækjastjóri og heilbrigðisfagteymi.

U20 ára landslið stúlkna

Aðalverkefni liðsins eru stök æfingamót sem haldin eru af aðildarfélögum IIHF, í flokki C samkvæmt afreksstefnu ÍSÍ. Leitast skal við að þjálfari og aðstoðarmaður séu þeir sömu og eru með landslið kvenna. Haldnar skulu æfingabúðir sem hæfa viðkomandi æfingamóti og skal umgjörð þeirra vera með svipuðum hætti og hjá öðrum landsliðum.

Starfsmenn liðsins eru allt að 6 manns, aðalþjálfari, aðstoðarþjálfari, liðsstjóri, tækjastjóri og heilbrigðisfagteymi.

Kvennallandslið

Aðalverkefni kvennallandsliðsins eru heimsmeistaramót IIHF sem fer fram í mars á hverju ári og undankeppni Ólympíuleikanna sem fer fram fjórða hvert ár. Leitast skal við að þjálfari og aðstoðarmaður hafi lokið viðurkenndu námi/námskeiði sem gagnast þeim í starfi.

Haldnar skulu a.m.k. 3 þjálfunarbúðir þar sem landsliðshópur æfir saman áður en að keppnisferð kemur.

Fyrsti hópur er valinn þannig að þjálfarar aðildarfélaganna tilnefna þær sem þeir telja að eigi erindi í liðið. Leikmenn og/eða forráðamenn sem boðaðir eru í fyrsta skipti fá formlegt bréf þar um frá ÍHÍ.

Landsliðsþjálfarar skera svo niður hópinn fyrir næstu búðir og velja svo endanlegt lið í síðustu búðum fyrir hverja ferð. Starfsmenn liðsins eru allt að 6 manns, aðalþjálfari, aðstoðarþjálfari, liðsstjóri, tækjastjóri og heilbrigðisfagteymi.

Karlallandslið

Aðalverkefni karlallandsliðsins eru heimsmeistaramót IIHF sem fara fram í apríl á hverju ári. Fjórða hvert ár tekur landsliðið þátt í undankeppni Ólympíuleika.

Aðalþjálfari skal hafa þjálfaramenntun á háu alþjóðlegu stigi eða reynslu sem þjálfari á háu stigi í stærri deildum. Aðstoðarþjálfari skal vera íslenskur ef kostur er.

Landsliðsþjálfarar velja hópinn sem boðaður er til æfinga, hvort sem það er í formi landsliðsbúða eða stakra æfinga. Starfsmenn liðsins eru allt að 6 manns, aðalþjálfari, aðstoðarþjálfari, liðsstjóri, tækjastjóri og heilbrigðisfagteymi.

Fjármögnun

ÍHÍ hefur á undanförunum árum fjármagnað afreksstarf sitt með styrkjum frá Alþjóða Íshökkísambandinu og Afreksjóði ÍSÍ. Unnið er að því að breikka fjármögnun sambandsins með aðkomu styrktaraðila. Þátttakendur í einstaka landsliðum þurfa enn að greiða hluta af kostnaði sem hlýst af keppnisferðum og líklegt að svo verði enn um sinn.



Aðstaða

Eðli máls samkvæmt fer meginpartur æfinga fram í skautahöllum landsins. Þeir ístímar sem landsliðin fá eru teknir af æfingatímum aðildarfélaganna ÍHÍ. Staðan getur því orðið snúin þar sem gæta verður jafnvægis svo t.d. barnaæfingar félaganna falli ekki niður í of miklum mæli. Aðstaða til æfinga utan íss mætti vera betri en er þó misjöfn milli halla. Landsliðsnefnd mun leggja áherslu á að vinna í að bæta ástand leikmanna í samvinnu við aðildarfélög s.s. með uppsetningu skotsvæða og aðstöðu til styrktaræfinga.

Fagteymi

Tvö fagteymi starfa á vegum ÍHÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum.

Heilbrigðisfagteymi

Aðalhlutverk heilbrigðisfagteymis er að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Þeir sjá einnig um íþróttamælingar til að stuðla að bættum árangri og að fyrirbyggja meiðsli. Í heilbrigðisfagteymi ÍHÍ eru sjúkraþjálfarar, kírópraktorar, læknar, næringarfræðingar, sálfræðingar og íþróttfræðingar.

Tækjastjórar

Hlutverk tækjastjóra er að aðstoða leikmenn á öllum æfingum og mótum, með skerpingar á skautum, halda utan um keppnisfatnað, æfingatreyjur og annan búnað ásamt því að ganga frá búnaði eftir æfingar og keppni.

Menntun þjálfara og annarra starfsmanna

Allir landsliðsþjálfarar skulu hafa lokið að lágmarki 1. stigs þjálfaramenntun frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) eða sambærilegu námi.

ÍHÍ býr nokkuð vel þegar kemur að menntun þjálfara og annarra starfsmanna þegar kemur að þeim þáttum sem snúa beint að íshokki. Helgast það mestmegnis af því hversu öflugt starf IIHF er. IIHF stendur fyrir æfingabúðum í Vierumaki í Finnlandi ár hvert. Einnig er til mikið efni sem þjálfarar geta haft aðgang að hjá aðildarfélögum IIHF.

Framtíðarsýn

Helstu markmið ÍHÍ til framtíðar eru að öll landslið séu í 1. eða 2. deild hjá IIHF. Til að svo geti orðið þarf meðal annars að fjölga iðkendum til muna og fá aukna aðstöðu með byggingu nýrra skautasvella ásamt því að ráða íþróttastjóra í fullt starf sem fer á milli aðildarfélaganna og samræmir æfingar og markmið. Það er einlæg trú okkar að með því að styrkja umhverfi það sem börn og unglingar héraendis hafa til iðkunar á íshokki sé verið að búa í haginn fyrir framtíðar árangur landsliða okkar. Til þess að þetta gangi eftir þarf áframhaldandi öflugna vinnu hjá ÍHÍ og aðildarfélögum, það mikilvægasta af öllu er grasrótin.

Gildi Íshokkisambands Íslands eru *samvinna, virðing og metnaður*.